

### **133. fundur dómara nefndar 19. maí kl. 18:00 í húsnæði ÍSÍ, Reykjavík.**

**Mættir:** Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

**Forföll:** Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Sigurbjörn Sævarsson

#### **Fundarefni:**

##### **Næstu sundmót á vorönn 2025:**

Flokkamót ÍF 24. – 25. maí,  
VIT-HIT leikarnir 30.05 – 01.06 á Akranesi,  
AMÍ á Akureyri 20. – 22. júní,  
SMÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 28. – 29. Júní,  
Landsmót 50+ UMFÍ 28. júní 2025 á Siglufirði  
Sjósundsmót SSÍ í Nauthólsvík 23. júlí  
Unglingalandsmót UMFÍ 1. – 3. ágúst á Egilsstöðum.

**Dómaranemar uppfærðir í almenna dómara:** Ásta Herdís Hall – Ármann.

##### **Dómaranámskeið á vorönn 2025:**

Dómaranámskeið var haldið í Reykjanesbæ þann 8. maí í tengslum við Skólamatarmót ÍRB voru þrjú þátttakendur á námskeiðinu.  
Næstu námskeið verða 27. maí í Laugardalslaug, Reykjavík og á Akureyri þann 18. júní kl. 18:00 í húsnæði ÍBA fyrir AMÍ í júní.

##### **Erlend verkefni:**

Stjórn SSÍ hefur staðfest að Tómas Gísli Guðjónsson og Viktoría Gísladóttir fari á Smáþjóðaleikana í Andorra sem haldið verður daganna 27. maí til 30. maí.  
Borist hefur staðfesting frá EA að Ragnheiður Birna og Tómas Gísli hafa verið valin til starfa á EA Junior Swimming Championship í Slovakíu, þann 1. júlí – 6. júlí

**WA Technical Officials pathway and appointments rules:** Ragnheiður Birna fór á fund stjórnar SSÍ og kynnti fyrir stjórn nýja innleiðingu Officials Pathway. Af þeim fundi kom hún með tilbaka tvö verkefni annars vegar að setja saman spurningalista til WA um nýju reglur og hins vegar að afla upplýsinga um hvaða stuðning dómara þurfi til að uppfylla kröfur þessara nýju reglna. Td. hvað fjölda dómara á hverju stigi, hvaða kostnað þarf SSÍ að inna af hendi til að dómara uppfylli kröfurnar. Spurningalisti til WA frá dómara nefnd er í viðhengi merkt Fylgiskjal # 1

Dómara nefnd mun vinna upplýsingar um þarfagreiningu dómara vegna nýju reglna WA og senda stjórn SSÍ síðar.

**„Siðareglu dómara“** : dómara nefnd sendir til stjórnar SSÍ skjal um tillögu að „Siðareglum dómara“ til umsagnar og samþykktar. Viðhengi merkt Fylgiskjal # 2

**AMÍ og SMÍ:** Ragnheiður Birna, Viktoría Gísladóttir og Guðrún Rósa verða með utanumhald dómara á AMÍ. Viktoría Gísladóttir og Björn Valdimarsson verða með utanumhald dómara á SMÍ.

## Önnur mál:

**Sundreglur WA:** Ragnheiður Birna er að vinna uppfærslu og lagfæringar á breytingum á WA sundreglum sem gefnar voru út 1. mars 2025 og uppfæra kennslugögn, ógildingaskjal ofl. þessu tengt.

Fundi slitið kl. 20.30

Næsti nefndarfundur 25. Júní staðsetning ákveðin síðar.